

Stjórnarfundur KAÍ

28.2.2026

Viðstaddir: Ronja Halldórsdóttir, Gaukur Garðarsson, Gunnlaugur Sigurðsson, Þorsteinn Yngvi Guðmundsson og Sigþór Samúelsson; Ísold Klara og Þórður Jökull Henrysson.

Fjarverandi: Willem Cornelis Verheul.

Dagskrá:

1. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum:
 - a. Gaukur Garðarsson samhljóma kjörinn gjaldkeri.
 - b. Sigþór Samúelsson samhljóma kjörinn varaformaður og ritari.
2. Vinnureglur stjórnar:
 - a. Gaukur Garðarsson lagði til vinnureglur fyrir stjórn. Ronja sendir þær á Helgu/Höllu hjá ÍSÍ til umsagnar.
 - b. Ákveðið að ritari sendir fundarboð fyrir stjórnarfund.
 - c. Ákveðið að ritari setur fundargerðir inn á vef KAÍ.
3. Val í nefndir:
 - a. Landsliðsnefnd:
 - i. Stjórn leggur til að landsliðsnefnd haldi fundargerðir og setji sér vinnureglur.
 - ii. Gunnlaugur Haukum, Aron ÍR, Halldór KFR, Patti Fjölmi gefa kost á sér og sömuleiðis Telma og Svana. Rætt að bjóða áheyrnarfulltrúa úr landsliði.
 1. Kjör formanns landsliðsnefndar, Ronja Halldórsdóttir og Gunnlaugur Sigurðsson segja sig frá vegna óhæfis. Varamennirnir Ísold og Þórður koma inn í kosninguna. Gunnlaugur Sigurðsson kjörinn formaður landsliðsnefndar.
 - iii. Stjórn leggur til að ný landsliðsnefnd hittist sem allra fyrst til að klára undirbúning á mótum og praktísk mál sem eru fram undan.
 - b. Mótanefnd
 - i. Gaukur, Auður og Sif gefa kost á sér áfram auk Davíðs. Katarína frá KFR og Gunnlaugur Haukum bjóða sig fram í mótanefnd.
 - c. Dómaranefnd
 - i. Kristján Ó. Davíðssonformaður dómaranefndar, hann kemur til með að velja fólk með sér.

- ii. Stjórn leggur til að dómaranefnd setji sér vinnureglur, haldi fundargerðir og setji sér markmið varðandi nýliðun til skamms tíma og til langs tíma til.

4. Tillögur frá þingi:

a. Breytingartillögur – Reglur um Íslandsmeistaramót.

- i. Skipting Íslandsmeistaramóta – breytingatillaga samþykkt samhljóma, stjórn kallar eftir umsögn frá mótanefnd og dómaranefnd á framkvæmd.
- ii. Tímasetning og framkvæmd Íslandsmóta, Stjórn samþykkir eftirfarandi breytingu,
2.gr. Íslandsmeistaramót samkvæmt 1. gr. skulu að jafnaði fara fram sömu helgi sé þess kostur.
Stjórn kallar eftir umsögn frá mótanefnd og dómaranefnd um framkvæmd.
- iii. Liðakeppni á Íslandsmeistaramóti unglunga í kumite - breytingatillaga samþykkt samhljóma en mótanefnd falið að útfæra keppnisflokka.
- iv. Reglur um innlend mót Dráttur á mótum – mótanefnd falið að skilgreina betur reglur hvenær þörf er á að draga aftur í viðkomandi flokki. Hafa skal til hliðsjónar þær breytingatillögur sem komu fram á karateþingi.
- v. Innleiðing Masters flokki í Kata á Íslandsmeistaramóti – að KAÍ haldi Íslandsmeistaramót í kata fyrir eldri keppendur í samræmi við það sem tíðkast víða í Evrópu. Breytingatillaga samþykkt samhljóma en mótanefnd falið að útfæra keppnisflokka.

b. Reglur um aganefnd – Breytingatillaga frá þingi á reglum aganefndar var rædd, stjórn kallar eftir umsögn lögfræðinga ÍSÍ.

5. Mótamál – mót á vorönn eru klár en þurfum að fara að undirbúa haustið. Rætt var um vandamál við að fá húsnæði undir mót og kom fram hugmynd um Fylkishöllina. Einnig hvort hægt væri að nota aftur Fylkisselið undir minni mót.

a. Mót á næstunni

- i. ÍM 22. mars í Íþróttahúsi kennaraháskólans við Háteigsveg.
- ii. Grandprix 18. apríl í Fagralundi í Kópavogi.
- iii. ÍMU og ÍMB helgina 9 og 10 maí í Íþróttahúsinu Austurbergi.

6. Landsliðsmál

- a. EM - Eftir að senda nöfn keppenda á EM, búið að borga flug fyrir 20 manns, eigum að auki 5 sæti sem búið er að borga inn á.
- b. Swedish Open 13.-15. Mars.
- c. NM 10. -11. apríl - Landsliðsnefnd þarf að klára skráningu, hótél bókun og fleira praktískt. Eftir að skrá keppendur á NM og greiða, eftir að bóka hótél.

d. Huga þarf að Smáþjóðaleikum í Möltu í október.

7. Önnur mál:

- a. Gaukur leggur til að fjármálaumræða sé alltaf fyrsta mál á dagskrá. Fór yfir fjármálastöðu. Sambandið á 1,8m á bankareikning, ógreiddar kröfur vegna GP1 450.500 kr og hlut keppenda vegna EMU 280.000 kr. Skuld 335.164.
- b. Samþykkt að veita Villa landsliðspjálvari styrk fyrir nýjum karategalla allt að 50þ. RH klárar með Villa.
- c. Póstur barst frá Eydísi og fleirum í landsliðinu með yfirliti yfir atriði sem mætti bæta eða breyta hvað landsliðsmál snertir. Stjórn þakkar fyrir góðar tillögur og mun koma þeim til nýrrar landsliðsnefndar sem tekur þær til efnislegrar umræðu og skili í kjölfarið tillögum til stjórnar.
- d. Stjórn Karatesambandsins barst krafa 3. febrúar frá lögmanni iðkanda vegna ólögmætrar ákvörðunar og ærumeiðinga. Krafan var tekin fyrir á stjórnarfundum 11.febrúar 2026. Í samráði við lögmann ÍSí búið að taka saman efnisleg svör við kröfunni sem stjórn Karatesambandsins felur varaformanni að senda á lögmanninn. Stjórn mun senda aganefnd erindi um að afgreiða málið úr nefnd.

8. Næsti fundur 13. mars kl 12:00 á Teams. Reglubundið verða stjórnarfundir fyrsta laugardag í hverjum mánuði.